



Skipulags-, umhverfis- og umferðarnefnd Blönduós bæjar
28. fundur skipulags-, umhverfis -og umferðarnefndar Blönduós bæjar
haldinn í fundarsal að Hnjúkabyggð 33, 10. mars 2017
og hófst kl. 17:00

Fundinn sátu:

Valgarður Hilmarsson, formaður
Brynja Birgisdóttir, aðalmaður
Jakob Jónsson, aðalmaður
Oddný María Gunnarsdóttir, varamaður
Valdimar Guðmannsson, varamaður
Ágúst Þór Bragason, yfirmaður tæknideildar
Bjarni Þór Einarsson, Skipulagsfulltrúi
Þorgils Magnússon, byggingafulltrúi

Fundargerð ritaði: Ágúst Þór Bragason

Dagskrá:

1. Hótel Blanda ehf. - Umsókn um byggingarleyfi - 1611030

Erindi frá Hótel Blöndu ehf. Umsókn um byggingarleyfi til að breyta hluta 1. hæðar sem nú er salur í þrjú gistiherbergi, þar af tvö fyrir hreyfihamlaða. Umsókninni fylgir aðaluppdráttur gerður af Stefáni Árnasyni byggingarfræðingi. Teikningar dagsettar 5.03.2017 í verki nr.2016-045.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd samþykkir byggingaráform þau sem sótt er um á 1. hæð með fyrirvara um gerð glugga og hurða í húsinu.

2. Deiliskipulag á Hnjúkabyggðarreit - 1702005

Hnjúkabyggð, deiliskipulag. Ný tillaga að deiliskipulagi sem samanstendur af skipulagsuppdrætti, skýringaruppdrætti og greinargerð sem gerð er hjá Landmótun af Yngva Þór Loftssyni, dags. 8. og 9. mars 2017. Tillagan er í samræmi við Aðalskipulag Blönduós bæjar 2010-2030. Tillagan er lögð fram til afgreiðslu skipulagsnefndar.

Þar sem allar meginforsendur deiliskipulagstillögunnar liggja fyrir í Aðalskipulagi Blönduós bæjar 2010-2030 er fallið frá málsmeðferð skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd samþykkir að auglýsa deiliskipulagstillöguna samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. Brautarhvammur og gönguleið í Hrótey - Breyting á deiliskipulagi. - 1603014

Á 25. fundi skipulags- umhverfis- umferðarnefndar var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi fyrir Brautarhvamm og gönguleið í Hrótey skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni samþykkt sveitarstjórnar. Jafnframt var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða breytingu á aðalskipulagi. Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 26. janúar með umsagnarfresti til 9. mars 2017. Umsögn hefur borist frá Lárusi B. Jónssyni.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd frestar afgreiðslu deiliskipulagstillögunnar til



næsta fundar nefndarinnar.

4. Æfinga- og keppnissvæði Skotfélagsins Markviss - Breyting á aðalskipulagi. - 1510002

Á 25. fundi skipulags- umhverfis- umferðarnefndar var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni samþykkt sveitarstjórnar og að fenginni jákvæðri umsögn Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingartillagan var auglýst frá 26. janúar með umsagnarfresti til 9. mars 2017.

Umsagnir hefa borist frá eftirtöldum aðilum:

Skipulagsstofnun

Veiðifélagi Laxár á Ásum

Óttari Yngvarssyni

Herði Ríkharðssyni

11 umráðamönnum hesthúsa við Arnargerði

Sigurði Erni Ágústssyni

Aðalfundi Hestamannafélagsins Neista

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd frestar afgreiðslu aðalskipulagstillögunnar til næsta fundar nefndarinnar.

5. Skotæfingasvæði á Blönduósi - Deiliskipulag - 1609001

Á 25. fundi skipulags- umhverfis- umferðarnefndar var samþykkt að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir skotæfingasvæði á Blönduósi skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 að lokinni samþykkt sveitarstjórnar. Jafnframt var samþykkt að auglýsa deiliskipulagstillöguna samhliða breytingu á aðalskipulagi. Deiliskipulagstillagan var auglýst frá 26. janúar með umsagnarfresti til 9. mars 2017.

Umsögn frá Óttari Yngvarssyni um breytingu á Aðalskipulagi Blönduósbæjar 2010-2030 tekur til deiliskipulagstillögunnar.

Skipulags- umhverfis- og umferðarnefnd frestar afgreiðslu deiliskipulagstillögunnar til næsta fundar nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:30

Valgarður Hilmarsson

Brynja Birgisdóttir

Jakob Jónsson

Oddný María Gunnarsdóttir

Valdimar Guðmannsson

Ágúst Þór Bragason

Bjarni Þór Einarsson

Þorgils Magnússon
